

GREINARGERÐ TIL MIÐSTJÓRNAR ASÍ

- ÁSAMT SPURNINGUM GREINARHÖFUNDA SEM ÓSKAÐ ER SVARA VIÐ -

Lögð fram af:

Dóru Magnúsdóttur og Jónu Fanneyju Friðriksdóttur
Fráfarandi formanni og ritara Leiðsagnar – Félags leiðsögumanna

Reykjavík, 5. febrúar, 2024.

INNIHALD GREINARGERÐAR:

1. FRÁFARANDI FORMAÐUR OG RITARI LEIÐSAGNAR SPYRJA SIG SPURNINGA	3
2. FUNDUR AÐ BEIÐNI FORSETA OG LÖGFRÆÐINGS ASÍ Þ. 5. JANÚAR 2024	3
3. SKEYTASENDINGAR MILLI FORMANNS LEIÐSAGNAR OG LÖGFRÆÐINGS ASÍ	4
<i>8. janúar 2024: Tölvuskeyti frá lögfræðingi ASÍ:</i>	<i>4</i>
<i>9. janúar 2024: Svarskeyti formanns Leiðsagnar við skeyti ASÍ:</i>	<i>5</i>
<i>11. janúar 2024: Svarskeyti lögfræðings ASÍ til formanns Leiðsagnar:.....</i>	<i>6</i>
4. FUNDUR MEÐ FORSETA OG LÖGFRÆÐINGI ASÍ Þ. 12. JANÚAR 2024	6
5. SPURNINGAR TIL ASÍ VARÐANDI TILLÖGUR FORSETA OG LÖGFRÆÐINGS ASÍ TIL STJÓRNAR LEIÐSAGNAR.....	7
6. SKOÐUN Á SANNLEIKSGILDI ÁVIRÐINGA Á FORMANN SLEGIN ÚT AF BORÐINU AF ASÍ	7
7. SPURNINGAR VEGNA ÍHLUTUNAR LÖGFRÆÐINGS ASÍ VEGNA VINNU ÓHÁÐS AÐILA	9

1. Fráfarandi formaður og ritari Leiðsagnar spyrja sig spurninga

Þann 28. janúar 2024 sögðum við, Jóna Fanney Friðriksdóttir, formaður og Dóra Magnúsdóttir ritari stjórnar Leiðsagnar – Félags leiðsögumanna okkur frá trúnaðarstörfum fyrir félagið. Ástæður afsagnar eru linnulausar árásir og rógburður tveggja stjórnarmanna og þriggja varamanna (5-menningar) í garð Jónu Fanneyjar, réttkjörins formanns félagsins og það andlega ofbeldi sem ríkt hefur í okkar garð m.a. á stjórnarfundum.

Tilfni greinargerðar þessarar er að okkur hefur fundist aðkoma ASÍ að málefnum aðildarfélagsins sl. vikur hafa vera ankannaleg. Undir þau sjónarmið taka nokkrir aðrir félagsmenn sem tilheyra baklandi okkar og því var ákveðið að setja málefnið saman í greinargerð þessa.

Viljum við því fjalla hér um afskipti ASÍ af aðildarfélaginu Leiðsögn – Félags leiðsögumanna síðustu vikur og í kjölfarið spyrja spurninga sem við óskum svara við.

Greinargerð þessari er ekki á neinn hátt ætlað að kasta rýrð á fulltrúa ASÍ, öllu heldur að leita svara við spurningum sem á okkur hafa leitað í aðdraganda uppsagnar formanns og ritara. Með réttu eða röngu, eins og kemur hér fram í 7. kafla er það okkar mat að afskipti lögfræðings ASÍ af málefnum stjórnar Leiðsagnar, hafi verið kornið sem fyllti mælinn í kjölfar þessara afskipta sögðu formaður og ritari sig frá trúnaðarstörfum fyrir Leiðsögn.

Að okkar mati hafa afskipti ASÍ af innanbúðarmálum Leiðsagnar síðustu vikur verið nokkuð afgerandi og einhliða. Eftir á að hyggja finnst okkur furðu sæta hvað tillögur ASÍ tóku lítið tillit til þess að innan stjórnar hlutum við þrjár konur afgerandi kosningu á aðalfundi í vor, formaður felldi sitjandi formann og ásamt ritara og gjaldkera höfðum við þrjár 70% atkvæðamagns félagsmanna að baki okkur. Allar vorum við kosnar til 2ja ára eða vorsins 2025 og þess ber að geta að öll þau sem hvað harðast hafa barist á móti lýðræðinu og því að félagsmenn voru að kalla á breytingar með kosningu okkar, hlutu kosningu varamanna á aðalfundi 2023.

Þetta er mikilvæg forsaga sem undirstrikar vilja félagsmanna Leiðsagnar í síðustu kosningum. Þau sem nú hafa tekið við keflinu innan Leiðsagnar eru flest með fáein atkvæði að baki sér og tilheyra fylkingu fyrrum stjórnar sem félagsmenn hreinlega settu út af sakramentinu á aðalfundi 2023.

Greinargerð þessi er lengri en áætlað var í upphafi, en hún geymir samt söguna og aðdragandann. Það má skauta yfir einstaka þætti með því að nýta efnisyfirlitið hér að framan. Spurningum okkar sem við beinum til ASÍ eru í gulum ramma á bls. 8 og 10.

1. Hér förum við annars vegar yfir þá tvo fundi sem haldnir með forseta og lögfræðingi ASÍ, sá fyrri 5. janúar að beiðni ASÍ. Eftir þann fund fara nokkur tölvuskeyti á milli lögfræðings ASÍ og formanns Leiðsagnar sem við birtum hér (grár rammi). Seinni fundur ASÍ og Leiðsagnar var haldinn 12. janúar 2024. Spurningar okkar vegna þessara funda fylgja í lok þess kafla (bls. 7) og þætti okkur vænt um að fá svör við þeim.
2. Hins vegar er um að ræða mál sem fær hér kaflaheitið „Skoðun sannleiksgildi ávirðinga á formann slegin út af borðinu af ASÍ“ – Kafli 7 hér í lokin. Þar fylgja einnig spurningar til ASÍ í lokin (bls. 9).

Það væri að bera í bakkafullan lækinn að fara að útlista það sem gengið hefur á þessa níu mánuði innan stjórnar Leiðsagnar. Hér í viðhengi er greinargerð um félagsfund sem haldinn var 6. desember 2024.

2. Fundur að beiðni forseta og lögfræðings ASÍ þ. 5. janúar 2024

Forysta Leiðsagnar fagnaði því þegar formaður og ritari héldu á fund ASÍ að beiðni forseta og lögfræðings hreyfingarinnar. Í einfeldni okkar héldum við að nú fengjum við loks áheyrn um hvað væri raunverulega á seyði innan stjórnar, að okkar sterka forysta fengi að segja frá sinni hlið mála og við spurðar hvað væri til ráða til að lægja öldur.

Fram kom í máli forseta og lögfræðings ASÍ að þegar hafi verið fundað með hinum tveimur stjórnarmönnum Leiðsagnar.

Í hnotskurn lögðu fulltrúar ASÍ tvö málefni fram eða tillögur til stjórnar Leiðsagnar:

1. **Tilsjónarmaður:** Að ASÍ tilnefndi tilsjónarmann fram að aðalfundi í vor. Hlutverk tilsjónarmanns væri að stýra félaginu fram að aðalfundi, koma að rekstri þess og stýra stjórnarfundum. Nefndu þeir Guðmund Hilmarsson á nafn, fyrrverandi starfsmann ASÍ. Fram kom að það væri Leiðsagnar að greiða laun tilstjónarmannsins.

2. Listakosningar: Að farið yrði í listakosningar á aðalfundi, þ.e. að báðar „fylkingar“ myndi setja fram níu manna lista fyrir aðalfund 2024 og að sá listi sem ynni kosningar tæki við félaginu. Benti HO/así á að búið væri að boða til auka-aðalfundar 30. janúar nk. og væri hægt að koma listakosningum inn þá inn í lög félagsins.

Það kom fulltrúum Leiðsagnar verulega á óvart að forseti og lögfræðingur ASÍ voru með tilbúna tillögur til að „lægja öldur innan stjórnar Leiðsagnar“ án þess að formaður/ritari/gjaldkeri hafi nokkuð komið að mótun þeirra tillagna. Hér hófust afskipti ASÍ af innanbúðarmálum Leiðsagnar, án nokkurs undanfara, ekkert samráð hafði verið haft við forystu Leiðsagnar sem allar höfðu umboð til starfa allar til vors 2025. Með réttu eða röngu var það okkar tilfinning eftir fundinn, þegar tillögurnar fóru að síjast inn að hér hefði „minnihluti“ stjórnar leitað til ASÍ og þessar tillögur komið á teikniborðið?

Fundur þessi var haldinn á föstudegi og sögðust formaður og ritari Leiðsagnar þurfa að fara með þessar tillögur í sitt bakland og myndu hugsa málín um helgina og vera í sambandi hið fyrsta.

3. Skeytasendingar milli formanns Leiðsagnar og lögfræðings ASÍ

Mánudeginum á eftir sendir lögfræðingur ASÍ skeyti á alla stjórn (gleymdi þó að setja gjaldkera inn, en því var kippt í liðinn)

8. janúar 2024: Tölvuskeyti frá lögfræðingi ASÍ:

Til: Jóna Fanney, Dóra Magnúsdóttir, Halldór Kolbeins, Snorri Steinn Sigurðsson
Afrit: Finnbjörn A. Hermannsson forseti ASÍ

Heil og sæl öll kærur félagar,

Ég tel ekki ástæðu hér til að rekja tilefni samræðna okkar undanfarið um stöðuna sem upp er komin í félaginu. Ekki lengra en það að í síðustu viku áttum við Finnbjörn fundi með ykkur öllum um stöðuna og okkar skilningur er sá að þið öll hafið a.m.k. verið sammála um að vera reiðubúin að hlusta á okkar tillögur/leiðsögn um hvernig megi koma málum í þann farveg að félagið geti verið starfhæft til skemmri og lengri tíma. Á þessum fínu fundum okkar viðruðum við Finnbjörn ákveðnar tillögur að verklagi sem við skildum þannig að þið væruð a.m.k. reiðubúin að skoða vel og vandlega og er hér sett niður í eftirfarandi texta:

Guðmundur Hilmarsson verði falið verkefni tilsjónarmanns félagsins fram að lokum reglubundins aðalfundar í vor. Guðmundur starfi náið með stjórn og hefur það hlutverk að halda félaginu starfhæfur, stýra fundum o.s.frv. Guðmundur nýtur ráðgjafar og liðsinnis frá lögmönnum og forseta ASÍ.

Boðað verði til aukaáðalfundar eins fljótt og verða má þar sem fjallað verði um lagabreytingar. Dagskráin og auglýst tillaga stjórnar á fundinum lúti eingöngu að stjórnarkjöri á þá leið að í tengslum við aðalfund í vor verði listakjör til stjórnar og trúnaðarráðs. Stjórn og trúnaðarráð verði kjörið til tveggja ára. Nánari útfærslutillaga verði unnin af lögmönnum ASÍ og Guðmundi Hilmarssyni í samráði við stjórn Leiðsagnar.

Aðilar í stjórn Leiðsagnar eru sammála um að nauðsynlegt sé að halda ágreiningnum sem hefur verið í félaginu og sérstaklega innan stjórnarinnar verði haldið frá kjaraviðræðum eru sem mikilvægt sé að hefja fljótlega. Unnið verði að því með tilsjónarmanni að halda kjaraviðræðum frá átökunum/ágreiningnum í félaginu.

Ég bið ykkur um að skoða þetta vandlega og senda mér afstöðu stjórnar sem fyrst. Við teljum ekki ástæðu á þessum tímamarki til að ramma nánar niður hvernig næstu mánuðir eiga að vera enda best að tilsjónarmaður hafi svigrúm til að meta það sjálfstætt eftir nánari athugun.

Halldór Oddsson
Sviðsstjóri lögfræði- og vinnumarkaðssviðs

9. janúar 2024: Svareykt formanns Leiðsagnar við skeyti ASÍ:

----- Forwarded message -----

From: Jóna Fanney Friðriksdóttir <formadur@touristguide.is>

Date: Tue, 9 Jan 2024 at 22:52

Subject: Fs: Málefni Leiðsagnar

To: finnbjorn@as.is <finnbjorn@as.is>, halldoro@asi.is <halldoro@asi.is>

Cc: Gudný Margrét Emilsdóttir (gudny.margret.emils@gmail.com) <gudny.margret.emils@gmail.com>, Dóra <doramagnusdottir@gmail.com>

Ágæti forseti Finnbjörn og Halldór, lögfræðingur ASÍ.

Það tekur tíma að melta svo stórvægilegar tillögur sem þið nýverið lögðu fram á fundi okkar sl. föstudag, þ. 5. janúar og einnig vildum við ræða málin við okkar helsta bakland og stuðningsmenn.

Við erum fullmeðvitaðar um að mikið liggur á, enda kjarasamningsviðræður svo til stöpp þar til lausn hefur verið fengið í málin. Þetta þarf að vinnast hratt!

Við, formaður, gjaldkeri og ritari stjórnar Leiðsagnar leggjum hér fram okkar athugasemdir og eigin tillögur í skeyti þessu.

Áður en komið er að athugasemdum og tillögum stjórnar Leiðsagnar er nauðsynlegt að benda á nokkur atriði úr forsögu málsins og eðli þess, sem ekki virðist hafa verið tekið tillit til við gerð tillagnanna.

1. Stjórn Leiðsagnar er starfhæf. Formaður, ritari og gjaldkeri sem allar voru kosnar til 2ja ára stjórnarsetu á síðasta aðalfundi sinna stjórnarstörfum, hafa 70% atkvæða félagsmanna að baki sér og eru reiðubúnar til að afgreiða eftir þörfum þau mál sem koma til kasta stjórnar áfram. Það að tveir stjórnarmanna hafi ákveðið að mynda einhvers konar stjórnarandstöðu er vissulega miður en lamar ekki félagið. Að sjálfsögðu eru þessir stjórnarmenn boðaðir til funda og hafa þar sama lýðræðislegan rétt og aðrir stjórnarmenn. Fyrir nokkru var lögum félagsins breytt, sbr. 12. gr. laga Leiðsagnar hafa varamenn einnig haft seturétt á stjórnarfundum með tillögurétt án atkvæðisréttar. Það verður að sjálfsögðu virt áfram.
2. Þess misskilnings virðist gæta að í stjórninni sé uppi einhver ágreiningur um málefni sem undir félagið heyra sem hefur ekki verið leyst úr með eðlilegum hætti, þ.e. ákvörðun stjórnar eða eftir atvikum ákvörðun meirihluta stjórnar. Af hálfu svokallaðs minnihluta stjórnar hefur ekki verið bent á nein málefni sem ágreiningur er um né hafa þeir sýnt fram á að slík mál séu fyrir hendi.
3. Ágreiningur innan stjórnar er því ekki málefnalegur en snýst um það að tveir stjórnarmenn og þrjú varamenn hafa ekki viljað sætta sig við lýðræðislega teknar ákvarðanir í einstaka máli, máli sem stjórnarmennirnir tveir hafa þó jafnvel stutt í afgreiðslu á stjórnarfundum, en orðið afhuga eftir á. Og nú er afsagnar formanns krafist af þeim ástæðum. Þessir aðilar hafa ekki getað tilgreint nein einstök mál kröfu sinni til stuðnings en hafa haft í frammi órökstuddar fullyrðingar um starfshætti formanns og meirihluta stjórnar. Meðfylgjandi greinargerð um félagsfund sem haldinn var 6. desember sl. lýsir þeim máli sem fullyrðingar þeirra hafa snúist um. Vonum við að okkar hlið málsins verði einnig skoðuð.

Hugmyndir ASÍ og tillögur til úrbóta.

Formaður og meirihluti stjórnar Leiðsagnar taka vel öllum hugmyndum ASÍ sem orðið geta til þess að bæta samstarf innan stjórnar Leiðsagnar og sem styrkja að félagið geti sinnt hlutverki sínu við að gæta hagsmuna félagsmanna. Tillögur um ráðstafanir í þeim tilgangi verða þó að taka tillit til þess að við stjórn í félaginu eru einstaklingar sem kosnir voru til embætta með lýðræðislegum hætti og sinnt hafa störfum sínum í samræmi við það. Ekki hefur verið sýnt fram á neina vanrækslu, mistök eða misgjörðir af þeirra hálfu sem raskað getur þannig umboði því sem stjórnin hefur til að starfa út kjörtímabil sitt. Formaður, ritari og gjaldkeri eru réttkjörnar til aðalfundar vorið 2025. Umboði annarra sem í stjórn sitja, bæði aðalmanna og varamanna lýkur í vor, eftir u.þ.b. 4 mánuði.

Hugmyndir ASÍ virðast byggðar á þeim ákvæðum laga sambandsins sem gera ráð fyrir að fyrir liggja það mat miðstjórnar að aðildarfélag hafi ekki uppfyllt skyldur sínar skv. lögum sambandsins eða félagslögum og grípa þurfi til ráðstafana til að koma starfsemi í lögumætt horf. Slíku er ekki til að dreifa í málefnum Leiðsagnar eins og bent er á hér.

Í stað þess að grípa til ráðstafana sem ekki byggjast á eðlilegum forsendum um eðli málsins leggur formaður og meirihluti stjórnar Leiðsagnar til eftirfarandi tillögur svo vernda megi störf þeirra stjórnarmanna sem telja að sér hafi verið vegið og til að tryggja að starf stjórnar fari fram samkvæmt lögum, að réttlætis og lýðræðis sé gætt í öllum stjórnarháttum.

Tillögur okkar í stjórn Leiðsagnar eru þessar:

1. ASÍ tilnefni ráðgefandi áheyrnarfulltrúa til setu á stjórnarfundum Leiðsagnar. Áheyrnarfulltrúinn starfi náði með stjórn og hafi eftirlit með því að starfsemi þess sé í samræmi við lög og lýðræðislega stjórnunarhætti félaga. Áheyrnarfulltrúinn hefur ekki atkvæðisrétt en getur lagt fram tillögur um félagsleg málefni á dagskrá stjórnar.
2. Áheyrnarfulltrúinn vinni náði með stjórn félagsins að undirbúningi lagabreytinga og nýtur til þess ráðgjafar og liðsinnis lögmanna og forseta ASÍ. Tillögur um lagabreytingar verði eftir atvikum lagðar fyrir auka-aðalfund á stjórnartímabilinu eða í vor á næsta aðalfundi.

3. Þau málefni sem fjallað er um í töluliðum 1 og 2 og önnur félagsleg málefni sem þeim tengjast verði haldið utan við kjaraviðræður og ekki látn hafa áhrif á þær.

Við teljum að með svo góðri kosningu okkar þriggja í vor hafi félagsmenn verið að biðja um breytingar í félaginu. Þrátt fyrir að hafa langar sterkar rætur í félaginu erum við Dóra nýjar í trúnaðarstörfum félagsins, höfum báðar mikla reynslu í stjórnunarstörfum til áratuga, þekkkum stjórnsýslu og rekstur félaga vel. Allar þrjár erum við framsýnar og viljum sigla Leiðsögn inn í 21. öldina!

Við vonum að þið takið tillögum okkar vel og erum reiðubúnar að mæta á fund ykkar strax eða við allra fyrstu hentugleika til að ræða málin nánar.

Okkur finnst brýnt að okkar sjónarmið komi fram, ekki einungis háværar raddir lítils hóps fólks sbr. félagsfundur Leiðsagnar sem haldinn var 6. desember sl. Í viðhengi er okkar greinargerð um félagsfund þennan í desember sl.

Með vinsemi og virðingu.

F.h. stjórnar Leiðsagnar, Jóna Fanney Friðriksdóttir, formaður.

11. janúar 2024: Svarskeyti lögfræðings ASÍ til formanns Leiðsagnar:

Afrit:Gudný Margrét Emilsdóttir (gudny.margret.emils@gmail.com);VR - Dóra Magnúsdóttir <doromagnusdottir@gmail.com>

fim.11.1.2024 11:23

Heil og sæl Jóna Fanney,

Takk fyrir þetta.

Svo því sé skýrt haldið til haga þá hefur aðkoma ASÍ að málefnum Leiðsagnar byggst á því að ASÍ sé í hlutverki málamiðlara enda talsvert mikið gengið á innan stjórnar sem m.a. hefur borist til trúnaðarráðs og félagsfundar. Það er ekki réttur skilningur að tillögur/aðkoma okkar byggji á því að félagið sé óstarfhæft. Þær hugmyndir af tillögum sem lagðar hafa verið fram er byggt á þeim samtölum sem við áttum m.a. við ykkur og markmiðið er að hjálpa ykkur við að koma á frið í félaginu til lengri og skemmri tíma. Hugsunin með tilsjónarmanni er almennt sú að hann stýri fundum og umræðum. Áheyrn er annað og það er okkar mat að það sé mjög erfitt fyrir tilsjónarmann að athafna sig í þeirri stöðu í ljósi verkefnisins sem honum er fengið.

Það er alveg skýrt af okkar hálfu að stjórnin er við stjórnvölin í félaginu, enda höfum við margitrekað að við séum ekki að taka ábyrgð stjórnar á okkur. En ef það er sátt um þá leið sem þið leggið upp með, sem er nú mjög keimlík þeirri sem lagt var upp með í upphafi, þá erum við að vanda til þjónustu reiðubúin.

Halldór Oddsson

Sviðsstjóri lögfræði- og vinnumarkaðssviðs

4. Fundur með forseta og lögfræðingi ASÍ þ. 12. janúar 2024

Í kjölfar ofangreindra skeytasendinga óskaði formaður eftir fundi með forseta, lögfræðingi ASÍ og Guðmundi Hilmarssyni sem tilnefndur hafði verið sem tilsjónarmaður með Leiðsögn. Auk formanns og ofangreindra þriggja fulltrúa frá ASÍ sátu fundinn f.h. Leiðsagnar Sigrún Pálsdóttir, stjórnarmaður í trúnaðarráði og sjúkrasjóði og Karl Jóhannsson, fulltrúi í viðræðunefnd Leiðsagnar.

Fóru síðastnefndu fulltrúar Leiðsagnar nánar út í félagsfundinn 6. desember 2023 og hvernig lítil en afar hávær hópur hafi þar vegið illilega að formanni félagsins. Það væru tvær hliðar á þessu máli, upphrópanir og afskræming sannleikans af 20 félagsmönnum (allt fyrrum stjórnarfolk) í þúsund manna félagi dyggðu ekki.

Á fundinum höfnuðu fulltrúar Leiðsagnar tillögu ASÍ með að fara í listakosningu enda væru formaður/gjaldkeri/ritari með 70% atkvæða innan stjórnar og hefðu umboði til vorsins 2025 til að gegna sínum trúnaðarstörfum. Spurt var: væri ekki eðlilegra að fela þeim stjórn félagsins fram að aðalfundi?

Fannst fulltrúum Leiðsagnar skipun tilsjónarmanns ágætis hugmynd, þannig yrðu stjórnarfundir vonandi friðsamari. Töldu fulltrúar Leiðsagnar þó að skýra þyrfti hlutverk tilsjónarmanns nánar, óskýrt væri af hverju svipta ætti formann fundarstjórn og öðrum þeim verkefnum sem hún hingað til hefði leyst vel að hendi. Minnt var á að félagsmenn höfðu óskað eftir breytingum á innra starfi Leiðsagnar með kosningu formanns. Ávirðingar á formann væru til skoðunar hjá hlutlausum fagaðila, ótækt væri að svo fáir félagsmenn sem sóttu fundinn á aðventunni fengju vilja félagsmanna í allsherjarkosningu hnekkt með rakalausum persónulegum árásum (sjá nánar kafla 7).

5. Spurningar til ASÍ varðandi tillögur forseta og lögfræðings ASÍ til stjórnar Leiðsagnar

1. Sbr. 11. gr. laga ASÍ getur miðstjórn gripið til aðgerða, s.s. með að skipa tilsjónarmenn ef aðildarsamtök uppfyllir ekki skyldur sínar. Með því að forseti og lögfræðingur ASÍ grípi til þessa ákvæðis í tillöguformi til stjórnar Leiðsagnar, spyrjum við hvort og þá hvaða skyldum stjórn Leiðsagnar sem aðildarfélag ASÍ hafi ekki verið að uppfylla?
2. Á hvaða forsendum taka forseti ASÍ og lögfræðingur þá ákvörðun að boða formann á sinn fund með skömmum fyrirvara til að kynna henni og ritara stjórnar þær tvær tillögur sem fyrir fundinum lágu? Voru þessar tvær tillögur alfarið að frumkvæði ASÍ eða höfðu aðrir stjórnarmeðlimir Leiðsagnar óskað þeirra, sbr. lagabreytingartillaga minnihlutans um að fara í listakosningar í vor?
3. Í skeyti formanns Leiðsagnar dags. 9. janúar er farið yfir að stjórn sé vel starfhæf enda hafi formaður, ritari og gjaldkeri 70% atkvæða félagsmanna að baki innan stjórnar. Enginn málefnalegur ágreiningur væri innan stjórnar. Þar viðraði formaður viðraði einnig móttillögur stjórnar Leiðsagnar og taldi áheyrnarfulltrúa í stað tilsjónarmanns vera vænlegri kost í stöðunni. Með þeirri lendingu yrðu störf forystu leiðsagnar vernduð og formaður, ritari og gjaldkeri ekki sviptir lýðræðislegum skyldum sínum, s.s. fundarstjórn formanns á stjórnarfundum.
Svar lögfræðings ASÍ, dags. 11. janúar sl. var eftirfarandi: „*Hugsunin með tilsjónarmanni er almennt sú að hann stýri fundum og umræðum. Áheyrn er annað og það er okkar mat að það sé mjög erfitt fyrir tilsjónarmann að athafna sig í þeirri stöðu í ljósi verkefnisins sem honum er fengið.* Okkar spurning hér er því, af hverju er slík ofuráhersla ASÍ á að skipa tilsjónarmann með Leiðsögn? Hvaða forsendur liggja að baki því að lögfræðingur ASÍ neitar móttillögu formanns/meirihluta stjórnar um að áheyrnarfulltrúi sitji stjórnarfundum í stað tilsjónarmanns fram að næsta aðalfundi? Hvaða lagaheimild hefur lögfræðingur ASÍ til að neita ósk stjórnar Leiðsagnar um áheyrnarfulltrúa en standa fastur á tilsjónarmanni? Á hverju byggir sú tillaga ASÍ að svipta hafi þurft formann lýðræðislegum skyldum sínum, s.s. fundarstjórn á stjórnarfundum með tilkomu tilsjónarmanns?
4. Kynntu forseti og lögfræðingur ASÍ sér hina hlið málsins frá formanni/ritara/gjaldkera við gerð tillagnanna sem þeir kynntu formanni og ritara þ. 5 janúar sl.? Á grundvelli hvaða upplýsinga eru tillögurnar tvær mótaðar? Við teljum að hér hafi í engu meðalhófsreglu verið beitt, t.a.m. af hverju ættum við þrjár sem kjörnar voru fram á vor 2025 að fara í listakosningar á meðan 5-menningarnir missa allir sitt umboð á næsta aðalfundi. Þau höfðu öllu að tapa við engu.
5. Er það mat ASÍ að Leiðsögn sem aðildarsamtök hafi ekki verið að uppfylla allar skyldur sínar sbr. 11. gr. laga ASÍ? Hafa forseti og lögfræðingur ASÍ áður stigið með svo afgerandi hætti inn í störf stjórnar aðildarfélags sem hér? Var inngrip þetta í störf stjórnar Leiðsagnar rætt í miðstjórn áður en tillögurnar voru lagðar fyrir stjórn Leiðsagnar?

6. Skoðun á sannleiksgildi ávirðinga á formann slegin út af borðinu af ASÍ

Okkar mat er að lögfræðingur ASÍ hafi blandað sér með ómaklegum hætti inn í stjórnarstörf Leiðsagnar án þess að hafa haft til þess heimild. Ekki viljum við fullyrða að það eitt og sér hafi orðið til þess að formaður og ritari sögðu af sér þann 28. janúar sl. en var það kornið sem fyllti mælinn.

Bæði trúnaðarráð (6. nóvember, 2023) og stjórn Leiðsagnar (16. nóvember, 2023) samþykktu einróma á fundum sínum að fá óháðan fagaðila til að kanna sannleiksgildi þeirra ávirðinga sem 5-menningarnir byrjuðu á með bókun í stjórn þ. 30. október 2023 á formann.

Samþykkt stjórnar vegna málsins hljóðar svo í fundargerð þ. 16. nóvember 2023:

„Stjórn samþykkir að ASÍ tilnefni hlutlausan fagaðila til að fara yfir þær ávirðingar sem bornar hafa verið á formann Leiðsagnar af minnihluta stjórnar í fjórum liðum í bókun 30. október sl. Samþykki trúnaðarráðsfundar, 6. nóv sl. ályktaði hið sama og vísaði málinu sl stjórnar sem tekur endanlega ákvörðun. Óskað er eftir að niðurstöður liggi fyrir við fyrstu hentugleika. Samþykkt einróma.“

Til að halda hlutleysi var leitað til lögfræðings ASÍ með að tilnefna þann aðila og var lögfræðingur frá lögfræðistofunni Magna fyrir valinu og hóf sá lögfræðingur að safna saman gögnum er málið varðaði fyrir jól. Sagði hún stjórn að hún vildi haga verkferlum þannig að í fyrstu þyrftu þau sem borið höfðu formann Leiðsagnar þungum sökum að rökstyðja nánar mál sitt og var 5-menningunum gefinn frestur til 12. janúar til að skila af sér greinargerð þar um. Þann dag sem frestur rann út sendi Snorri Steinn póst til lögfræðingsins og bað um tíu daga frest sem samþykktur var og hvatti lögfræðingurinn óháði formann/gjaldkera/ritara eindregið að samþykkja frestinn sem varð þá 22. janúar 2024.

Í samtali við óháða lögfræðinginn efuðust formaður og ritari að greinargerði yrði skilað frá þessum tveimur stjórnarmönnum og staðfesti hún þá að þá fengjum við að komast að með okkar stjórnarmið ef engar röksemdarfærslur kæmu frá þeim.

Ekkert heyrst frekar í óháða lögfræðingnum fyrr en með skeyti þann 26. janúar 2024 að skeyti berst stjórn með niðurlagsorðunum:

„Í ljósi þess að hluti stjórnarmanna telur forsendur brostnar fyrir málsmeðferð sem undirritaðri var falið að sinna, er ljóst að hún mun ekki verður til þess að leysa þann samskiptavanda og ágreining sem er meðal stjórnarmanna. Undirrituð hefur upplýst lögmann ASÍ um afstöðu stjórnarmanna og mat undirritaðrar á því að frekari málsmeðferð þjóni ekki þeim tilgangi sem henni var ætlað. Undirrituð segir sig því hér með frá verkefninu.“

Ofar í skeyti sínu vitnar óháði lögfræðingurinn sem vinna átti skoðunina á sannleiksgildi ávirðinganna, í bréf Snorra Steins, Halldór Kolbeins og varamanna (5-menningar), dags. 22. janúar sl. þar sem það er mat þeirra að með félagsfundi 6. desember sl., hafi 70% fundarmanna samþykkt afsögn formanns og því þyrfti ekkert að skoða þessar ávirðingar. Ekki kom fram að þessi 70% væru 20 fundarmenn sem smalað hafi verið á þennan fund sem fjalla átti um „Málefni félagsins“.

Þetta er hinn eiginlegi „forsendubrestur“ fyrir því að vinna að sannleiksgildi ávirðinga þeirra var stöðvuð að höfðu samráði við ASÍ, úparfi var nú að rökstyðja eitt eða neitt sem komið hafði fram í árásum 5-menninganna. Fáeinir félagsmenn höfðu fellt sinn dóm um að formaður væri rúinn trausti (án röksemda). Það fylgdi hins vegar ekki sögunni að á félagsfundi þessum voru samankomnir um fjórtíu manns (meira og minna allt fyrrum stjórnarfólk) og þess aðeins getið í fundarboði að ræða ætti málefni félagsins. Sé tekið mið af þessum 70% fundarmanna sem þau flagga féll þessi dómur á formann af 3% félagsmanna.

Fram kemur jafnframt í bréfi óháða lögmannsins að ASÍ hafi talið málsmeðferðina tilgangslausa [þ.e. að athuga með sannleiksgildi ávirðinga á formann] nema málsaðilar væru sammála um að fara í hana.

Við gerum alvarlegar athugasemdir við málsmeðferð þessa:

1. Í fyrsta lagi var hinum hlutlausu lögmanni aldrei falið að leysa samskiptavanda eða ágreining meðal stjórnarmanna líkt og fram kemur í niðurlagi bréfs hennar. Verk hennar var vel afmarkað; að fara yfir þær ávirðingar sem formaður hefur mátt sæta af hendi nokkurra aðila úr stjórn, sbr. bókun stjórnar hér að ofan.
2. Leiðsögn – félag leiðsögumanna er verkkaupi að þjónustu hins óháða lögfræðings, eina aðild ASÍ að málinu var að tilnefna hlutlausan aðila. Þegar lögfræðingur ASÍ tilkynnir stjórn Leiðsagnar í skeyti dags. 13. desember 2023 hvaða óháði aðili hafi orðið fyrir valinu með að skoða sannleiksgildi ávirðinga á formann segir lögfræðingur ASÍ í lok skeytis síns: „Hún er til í þetta og bíður eftir frekari upplýsingum frá ykkur. Svo

Því sé skýrlega haldið til haga þá er undirritaður eingöngu að tilnefna en viðskiptasambandið er á milli Leiðsagnar og [nafn tekið út af greinarhöfundunum hér].“

Hér staðfestir lögfræðingur ASÍ að Leiðsögn er verkkaupi að þjónustu hins óháða lögfræðings, hlutverk ASÍ var eingögnu að tilnefna óháðan aðila til að skoða sannleiksgildi ásakana á formann. En lögfræðingur ASÍ virðist gleyma því sem hann undirstrikar í skeyti sínu í desember á síðari stigum stigum.

3. Tveir stjórnarmenn (af fimm) komast að þeirri niðurstöðu í greinargerð sinni til hins hlutlausa lögfræðings, dags. 22. janúar 2024 að höfðu samráði við lögmann ASÍ, „*að forsendur tilvísunar ASÍ á þessu máli til lögmannsstofunnar eru ekki lengur til staðar*“. Hvaða tilvísunar? Hér er blekkingum beitt og látið að því liggja að ASÍ sé aðili málsins, hafi vísað málinu til hins óháða lögfræðings - en svo var aldrei. Teljum við það kýrskýrt að með þessari setningu hafi hafi 5-menningarnir blekkt óháða lögfræðinginn með því að láta að því liggja að ASÍ hafi vísað málinu til hennar og „*að höfðu samráði við ASÍ*“ væru forsendur brostnar.
4. Þannig tóku tveir aðilar úr stjórn Leiðsagnar ákvörðun „að höfðu samráði við lögfræðing ASÍ“ framfyrir hendur stjórnar Leiðsagnar sem er verkkaupi og slógu verkefni óháðs lögfræðings út af borðinu á grundvelli „forsendubrests“.
5. Við teljum það árás á lýðræðið innan aðildarfélagsins að lögfræðingur ASÍ hafi blandað sér inn í verkefni þetta, án umboðs og án vitundar formanns/stjórnar eða trúnaðarráðs Leiðsagnar sem samþykkt höfðu einróma í nóvember sl. að sannleiksgildi ávirðinganna yrði kannað. Að áeggjan tveggja stjórnarmanna virðist sem lögfræðingur ASÍ slái verkefnið út af borðinu án nokkurs samráðs við verkkaupa.
6. Stjórn var búin að bíða allengi eftir niðurstöðum vinnu hins óháða lögfræðings en með hinu snautlegu útspili tveggja stjórnarmanna „*að höfðu samráði við lögmann ASÍ*“ er sú vinna látin niður falla vegna „forsendubrests.“

7. Spurningar vegna íhlutunar lögfræðings ASÍ vegna vinnu óháðs aðila

1. Hvaða heimild telur lögfræðingur ASÍ sig hafa haft til að leggja mat á þann „forsendubrest“ sem tveir af fimm stjórnarmönnum leita til hans með? Hver er „forsendubresturinn“ að hans mati?
2. Lögfræðingur ASÍ sendir tölvuskeyti til stjórnar Leiðsagnar þ. 13. desember 2023 þar sem segir m.a. *að skýrlega þurfi að halda því til haga að það sé aðeins ASÍ að tilnefna óháðan aðila, viðskiptasambandið sé á milli þess aðila og Leiðsagnar*. Með þau orð í huga er okkur spurn af hverju lögfræðingur ASÍ stígur inn í það viðskiptasamband á síðari stigum og kveður upp þann dóm að verkefninu skuli lokið?
3. Í bréfi hins óháða lögfræðings, dags 26. janúar sl. er fullyrt *að lögmaður ASÍ hafi talið málsmeðferð sem þessa tilgangslausa nema málsaðilar væru sammála um að fara hana*. Hvaða heimild hafði lögfræðingur ASÍ til að fullyrða slíkt áður en verkkaupi, þ.e. stjórn Leiðsagnar var kunngjört um málið? Hefði það ekki verið stjórnar að taka þá ákvörðun?
4. Það fer ekki á milli mála að tveir af fimm stjórnarmönnum leituðu til lögfræðings ASÍ vegna „forsendubrestsins“, þeir fá hjá honum staðfestingu og skreyta sig með því í greinargerð til hins óháða lögfræðings. Í bréfi stjórnarmannanna, dags 22. janúar sl. sem er uppfyllt af rógi og dylgjum um störf formanns „*að höfðu samráði við ASÍ*“ er látið að því liggja að það hafi verið ASÍ sem vísaði málinu til hennar. Þannig tekur hún afstöðu um að segja sig frá málinu. Hefði ekki verið lýðræðislegra af lögfræðingi ASÍ að vísa málinu í heild sinni til, verkkaupans þ.e. stjórnar Leiðsagnar enda ákvörðun um vinnu óháða lögfræðingsins tekin í stjórn og trúnaðarráði félagsins? Hvað gerði það að verkum að lögfræðingur ASÍ „*dæmir*“ málið út af borðinu án þess að vera í samráði við formann/stjórn Leiðsagnar.